

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Hof í Örfum.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 18. janúar 2016 breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 sem samþykkt var í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar 3. desember 2015.

Í breytingunni felst að svæði fyrir verslun og þjónustu (VP-31) sunnan hringvegjar í landi Hofis í Örfum stækkar úr 5 ha í 20 ha. Norðan vegar er gert ráð fyrir nýju íbúðarsvæði (ÍB-13) um 7 ha að stærð. Við breytinguna minnkar landbúnaðarsvæði sem þessu nemur og svæði VP-30 minnkar um einn hektara.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 18. janúar 2016.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

—————
B-deild – Útgáfud.: 1. febrúar 2016